

KIRKJUGARÐARÁÐ

118. fundur haldinn 17. nóvember 2014 starfsmannahúsinu í Gufuneskirkjugarði.

Mætt voru: Ragnhildur Benediktsdóttir, formaður Kirkjugarðaráðs sem ritaði fundargerð. Guðmundur Rafn Sigurðsson, framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs, Þórsteinn Ragnarsson forstjóri KGRP, fulltrúi Kirkjugarðasambands Íslands, Smári Sigurðsson, fulltrúi Kirkjuþings, og Kristín Huld Sigurðardóttir, fulltrúi Minjastofnunar Íslands boðaði forföll. Einnig sat fundinn Sigurgeir Skúlason, verkefnastjóri Kirkjugarðaráðs.

Gestir: Gestur fundarins var Jörgen Pétur Guðjónsson, umsjónarmaður fasteigna og áhalda hjá Kirkjugörðum Reykjavíkurprófestsdæma.

1. Setning fundar

Fundur settur. Afgreiðslu síðustu fundargerðar frestað.

2. Kynning á framkvæmdum í Gufuneskirkjugarði

Jörgen Pétur Guðjónsson sagði frá framkvæmdum við endurbætur á aðkomu kirkjugarðsins og nýju sáluhliði. Nokkuð er síðan arkitektastofan Arkibúllan ehf. gekk frá endalegum teikningum af nýju sáluhlið, en stofan sá um hönnun á nýja starfsmannahúsinu í Gufunesi. Vegna niðurskurðar og erfiðrar fjárhagsstöðu KGRP hefur ítrekað orðið af fresta því að reisa sáluhliðið en í kjölfar þess að veitur var styrkur til verksins úr kirkjugarðasjóði var verkið boðið út og er því nýlega lokið. Er aðkoman nú orðin hin glæsilegasta og hæfir vel þessum stærsta kirkjugarði landsins.

3. Ný gjaldskrá Prestafélag Íslands.

Farið var yfir nýja gjaldskrá PÍ og rætt um nýja gjaldaliði sem komir eru inn í gjaldskrána.

4. Ráðsefna NFKK í Gautaborg 9-10 nóvember 2014.

Guðmundur Rafn gerði grein fyrir þessari ráðstefnu norrænna kirkjugarða og bálstofusambandsins sem hann og Þórsteinn Ragnarsson sóttu. Á ráðsstefnunni voru haldnir ýmsir fyrirlestrar og sá sem vakti mestan áhuga Íslendinganna var fyrirlestur Norðmannsins Öystein Dale, framkvæmdastjóri í Kirkelig arbeidsgiver- og interesseorganisjon. Guðmundur rakti í stórum dráttum það helsta úr fyrirlestrinum, sem fjallaði um það nýjast sem er að gerast í málefnum kirkjugarða í Noregi m.a. væntanlegar breytingar á lögum um kirkjugarða. Í tengslum við ráðstefnuna var síðan sýning á ýmsu því sem tengist kirkjugörðum.

5. Fundur með Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Valtýr gerði grein fyrir að búið væri að ákveða fund með lögfræðingum Sambands íslenskra sveitarfélaga og fulltrúum Kirkjugarðaráðs 1. desember n.k. Á fundinum verður farið yfir ágreining vegna túlkunar á viðmiðunarreglum Sambandsins og

Kirkjugarðaráðs. Eins og áður hefur komið fram munu Þórsteinn og Guðmundur Rafn auk Valtýs fara á fundinn að hálfu Kirkjugarðaráðs.

6. Næsti fundur.

Á Biskupsstofu 8. des kl. 14.00.

7. Önnur mál

Engin.

Fundi slitið 16:20.

Ragnildur Benediktsdóttir,
formaður og ritari